
Framleiðsluaukning á regnbogasilungi og þorski í 1.200 tonn á vegum ÍS 47 ehf. í Önundarfirði
Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukið fiskeldi ÍS 47 ehf. á Önundarfirði sé ekki líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð rekstrarleyfi Fiskistofu, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Einnig er hún háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að ÍS 47 ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. mars 2014.

Skipulagsstofnun
30. janúar 2014

INNGANGUR

Þann 1. nóvember 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá ÍS 47 ehf. um fyrirhugaða aukningu á sjókvíaeldi á regnbogasilungi og þorski á Önundarfirði, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu-siglingasviðs og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 2. desember 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 11. nóvember og tölvubréfum dags. 10. desember 2013 og 27. janúar 2013 Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 22. nóvember 2013, Matvælastofnun með bréfi dags. 20. nóvember 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 19. nóvember 2013, Samgöngustofu-siglingasviði með bréfi dags. 24. janúar 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. nóvember 2013. Frekari upplýsingar bárust frá ÍS 47 ehf. með tölvubréfum dags. 20. nóvember og 21. desember 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. ÍS 47 fyrirhugar aukið sjókvíaeldi í Önundarfirði en fyrirtækið hefur stundað áframeldi á þorski frá árinu 2011 á einu eldissvæði (svæði A) í firðinum. Á síðustu árum hefur ÍS 47 slátrað á milli 10-60 tonnum árlega af áframeldisþorski. Gildandi rekstraleyfi gerir ráð fyrir eldi á allt að 200 tonnum á ári, 150 tonnum af þorski og 50 tonnum af regnbogasilungi.

Samkvæmt framlögðum gögnum gerir fyrirtækið nú ráð fyrir framleiðsluaukningu í allt að 1200 tonn á ári, þ.e. 900 tonn af regnbogasilungi og 300 tonn af þorski. Fyrirhuguð eru tvö ný svæði fyrir eldið (svæði B og C) í Önundarfirði og verður fjarlægð á milli nýju svæðanna yfir 2 km. Fyrirtækin Arctic Oddi, Dýrfiskur og Sjávargæði hafa einnig rekstrarleyfi í firðinum. Fjarlægð á milli núverandi eldissvæðis ÍS 47 og svæðis þar sem Arctic Oddi hefur rekstrarleyfi fyrir 200 tonna fiskeldi er rúmlega 1 km og um 1,5 km er á milli núverandi eldissvæðis ÍS 47 og svæðis sem Dýrfiskur hefur rekstrarleyfi fyrir 200 tonna fiskeldi á. Heildarframleiðsla fiskeldis í Önundarfirði hefur ekki verið mikil síðustu árin og er ÍS 47 eini aðilinn sem hefur slátrað fiski úr sjókvíum. Fram kemur að tilgangurinn með þremur eldissvæðum ÍS 47 sé sá að unnt verði að hvíla eitt svæði hverju sinni.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að nota sjókvíar að færeyskri fyrirmynd og verði um að ræða tvær stærðir af kvíum, annars vegar sjókvíar sem séu 60 m í ummál og hins vegar 90m að ummáli og verði kvíarnar með 10-12 m djúpum netpokum. Allar sjókvíar verði festar niður skv. viðurkenndum stöðlum.

Fram kemur að ráðgert sé að notast við tvær eldistegundir í sjókvíaeldinu. Annars vegar sé um að ræða þorsk, sem sé fangaður villtur af nærliggjandi veiðislóðum og hins vegar regnbogasilung sem sé klakinn og alinn í íslenskum strandeldisstöðvum en uppruninn í Danmörku.

Þorskeldi. Fram kemur að þorskurinn verði á milli 1,3-2,5 kg að þyngd í byrjun eldistíma og verði síðan alinn í 6-10 mánuði og slátrað þegar hann hafi náð 3-5 kg þyngd. Allur þorskurinn verði fóðraður á heilum fiski, yfirleitt loðnu eða síld og sé gert ráð fyrir í eldisáætlun að það þurfi 3,5 kg af loðnu til að framleiða 1 kg af þorski í eldi. Ólíklegt sé að heildarslátrun fari yfir 300 tonn árlega. Þar sem eitt eldissvæði af þremur verði alltaf í hvíld verði áframeldi á þorski stundað samhliða eldi á regnbogasilungi í kvíum innan sama eldissvæðis. Fram kemur að sjúkdómar í áframeldisþorski séu fátíðir en kylaveikibróðir hafi verið greindur í slíkum þorski hérlendis án þess að afföll hafi verið mikil. Komi hins vegar upp umfangsmikil sýking verði öllum áframeldisþorskinum slátrað.

Eldi regnbogasilungs. Fram kemur að einungis verði notast við sjógenginn regnbogasilung, svokallaðan stálhaus. Ráðgert sé að setja regnbogasilung út í sjókvíar eingöngu að vor- og sumarlagi og verði fiskurinn alinn í 18-24 mánuði og sé sláturstærð áætluð í kringum 3 kíló. Allur regnbogasilungurinn verði fóðraður á þurrfóðri og sé gert ráð fyrir í eldisáætlun að það þurfi 1,2 kg af

þurrfóðri til að framleiða 1 kg af regnbogasilungi í eldi. Fram kemur að regnbogasilungur tímgist ekki í náttúrulegu umhverfi á Íslandi, en lítið hafi verið um afföll í eldi vegna sjúkdóma og hingað til hafi ekki verið talin þörf á að bólusetja regnbogasilung hérlendis. Samráð verði hins vegar haft við yfirdýralækni fisksjúkdóma með það fyrir augum að tryggja sem allra best heilbrigði fisksins.

Fram kemur að öllum fiskúrgangi, sem sé aðallega sjálfdauður fiskur, verði komið fyrir í lokuðum fiskikörum og annað hvort frystur í loðdýrafóður hjá fyrirtækinu Klofningi eða færður til förgunar hjá Gámaþjónustu Vestfjarða.

Hitastig sjávar og öldugangur. Fram kemur að miðað við það hitastig sem hafi verið mælt í Önundarfirði sé ólíklegt að sjávarkuldi valdi afföllum í fiskeldinu. Öldugangur geti verið nokkur á Önundarfirði, sérstaklega í norðvestanáttum, en þann tíma sem ÍS 47 hafi starfrækt sjókvíaldi hafi aldrei orðið tjón á eldisbúnaði vegna sjógangs. Þá hafi reynslan sýnt að sjókvíar að færeyskri fyrirmynd, eins og fyrirhugað sé að nota, standist umtalsverða ölduhæð (>5 metra).

Straummælingar. Fram kemur að Önundarfjörður sé frekar langur og grunnur, dýpi yfirleitt á milli 20 – 30 m, hann sé milli 2 - 6 km að breidd og heildarflatarmál hans sé um 50 km². Fjörðurinn teljist vera opinn, þ.e. enginn þröskuldur sé í mynni hans. Fram kemur að straumur hafi verið mældur á tímabilinu 10. júlí til 4. ágúst 2013 á 10 metra dýpi á núverandi eldissvæði ÍS 47. Meðalstraumur yfir tímabilið hafi verið 6,1 cm/sek og mesti straumhraði 38,7 cm/sek. Straumurinn á eldissvæðinu sé talinn vera sterkur og ákjósanlegur m.t.t. fiskeldis. Flestar mælingarnar hafi verið í suðaustlæga stefnu, þ.e. inn fjörðinn. Hins vegar hafi strauummælingar ekki farið fram á fyrirhuguðum eldissvæðum utar í Önundarfirði, en þumalputtareglan varðandi þröskuldslausu firði sé sú að straumur sé yfirleitt sterkari í fjörðum eftir því sem utar dragi og að straumur á nýjum eldissvæðum B og C sé því ekki lakari en á núverandi eldissvæði A. Sjókvíar innan eldissvæðis verði staðsettar þar sem straumur sé góður og kvíunum raðað þvert á straumstefnu.

Áhrif á súrefnismettun og burðarbol fjarðarins. Fram kemur að súrefni hafi ekki verið mælt sérstaklega í Önundarfirði á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, en í djúpum þröskuldsfjörðum geti úrgangur frá fiskeldi haft veruleg áhrif á súrefnisinnihald í djúplögum, þar sem endurnýjum sjávar sé hægt. Í ljósi þess að Önundarfjörður sé opinn fjörður með vísbendingu um að straumur sé sterkur, megi gera ráð fyrir góðum vatnsskiptum. Fram kemur að samkvæmt LENKA viðtakamatinu þá megi meta að burðarbol Önundarfjarðar sé á milli 2000 – 4500 tonn miðað við að Önundarfjörður sé í kringum 50 km² að stærð. Hafa beri í huga að LENKA viðtakamatið hafi verið þróað fyrir norskar aðstæður í kringum 1990. Þrátt fyrir að módelið geti gefið einhverja vísbendingu varðandi burðarþolið þá sé ekki hægt að treysta þeim niðurstöðum alfarið.

Áhrif á botndýralíf. Fram kemur að Náttúrustofa Vestfjarða hafi gert botndýraathuganir við núverandi eldissvæði í Önundarfirði sumarið 2011 eða um það leyti sem ÍS 47 hafi hafið þorskelði á svæðinu. Niðurstöður botndýraathugana megi nota til að lýsa grunnástandi botndýrafánu á sjávarbotninum enda hafi niðurstöður bent til þess að engin eða mjög lítil uppsöfnun hafi átt sér stað undir sjókvíum ÍS 47. Fram kemur að til að minnka áhrif vegna uppsöfnunar úrgangs verði eftirfarandi aðgerðir viðhafðar: Hvert eldissvæði verði brotið upp í innra og ytra svæði og sjókvíarnar færðar á milli þessara tveggja svæða á eldistímanum. Með þessu sé vonast til að úrgangur nái ekki að mynda þykkt lag á botninum undir sjókvíunum og niðurbrotið verði loftháð en ekki loftfirrt sem taki mun lengri tíma. Fylgst verði reglulega með botni og samsetningu botnlífs undir sjókvíum. Samið verði við eftirlitsaðila, væntanlega Náttúrustofu Vestfjarða, um að annast reglubundnar mælingar og gera vöktunaráætlanir.

Áhrif á fiskveiðar. Fram kemur að sjókvíaþyrpingar geti haft áhrif á veiðar á nytjastofnum en veiðar á slíkum stofnum séu óverulegar á fyrirhuguðum eldissvæðum í Önundarfirði. Fiskveiðar hafi verið stundaðar í firðinum í gegnum tíðina og fyrr á tímum hafi verið rómuð rauðmagamið við Vöðin, en veiði þar hafi tekið að hraka fyrir þverun fjarðarins árið 1980 og litlar rauðmaganytjar verði á síðustu

áratugum. Ekki séu dæmi um neinar rækju- eða uppsjávarveiðar í Önundarfirði og veiðar í dragnót hafi verið takmarkaðar verulega á Önundarfirði. Fram kemur að veiðar á línu og handfæri séu stundaðar á bolfiski í Önundarfirði og hafi heildarafla í firðinum árið 2011 numið rétt rúmlega 50 tonnum eða sem nemur um 0,03% af heildarafla á Vestfjarðarmiðum. Afar hæpið sé því að telja Önundarfjörð mikilvægan fyrir veiðar á nytjafiski. Fram kemur að sjómenn hafi hingað til ekki gert athugasemdir við núverandi eldissvæði á Önundarfirði. Eldissvæði C sé staðsett næst þeim veiðislóðum sem afli hafi verið gefinn upp árið 2011. Ekki sé fyrirhugað eldi á því svæði fyrr en fyrsta lagi árið 2015 og gefist þannig tími til að kortleggja staðsetningu sjókvía innan eldissvæðis C, m.t.t. veiðislóða í nágrenninu.

Fram kemur að árið 2007 hafi hafist laxarækt í Hestá við innanverðan Önundarfjörð og hafi hún strax skilað veiði árið 2008. Undanfarin ár hafi verið sleppt í kringum 8000 niðurgönguseiðum árlega. Veiði hafi verið í kringum 30 laxar á ári, og haustið 2013 hafi verið vart við töluvert af laxi í ánni en lítið verið veitt. Fyrir utan Hestá séu engin formleg veiðifélög um stangveiðar í ám við Önundarfjörð.

Áhrif af eldisbúnaði. Fram kemur að áhrif af eldisbúnaði séu nær eingöngu sjónræns eðlis auk þess sem sjókvíaþyrpingarnar geti haft áhrif á siglingarleiðir skipa. Núverandi og fyrirhugaðar sjókvíaastaðsetningar muni hinsvegar ekki hindra eðlilegar siglingarleiðir stærri skipa.

Strok á fiski. Fram kemur að í sjókvíaeldi sé alltaf hættu á að fiskur sleppi. Það geti gerst vegna mannglegra mistaka, sökum afræningja, t.d. ef selur rífur gat á nótina eða vegna óveðurs sem leiði til tjóns á eldisbúnaði. Sleppi áframeldisþorskur úr sjókvíum verði áhrifin lítil sem engin. Um sé að ræða villtan þorsk sem líklega hafi verið fangaður á Vestfjarðamiðum. Sleppi regnbogasilungur úr sjókvíum sé viss hættu á að hann gangi upp í ár í nágrenninu. Engin dæmi séu um að regnbogasilungur nái að tímgastrá í villtri náttúru hérlendis (raunar Evrópu) og þó svo hann myndi ná að hrygna þá séu engir hængar til að frjóvga hrognin.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ekki kemur fram afstaða til matsskyldu í umsögnum Fiskistofu og Ísafjarðarbæjar og Samgöngustofu-siglingasviðs.

Í **umsögn Ísafjarðarbæjar** kemur fram að á meðan formleg nýtingaráætlun fyrir Önundarfjörð liggja ekki fyrir og þar sem fjörðurinn sé lítt rannsakaður og óskipulagt svæði, telji umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar að sýna verði varúð við úthlutun leyfa.

Í **umsögn Fiskistofu** kemur fram að stofnunin vilji leggja áherslu á að ákvæðum reglugerðar nr. 401/2012 sé fylgt, en þar sé kveðið á um að fjarlægðarmörk á milli sjókvíaeldisstöðva, samkvæmt meginviðmiði, skuli vera 5 km. Í þeim tilvikum sem minni fjarlægð en 5 km séu á milli eldissvæða/staðsetninga á vegum sama fyrirtækis, þurfi að liggja fyrir rökstuðningur sem sé byggður á mælingum og túlkun þeirra. Dæmi séu um að slíkar greiningar hafi leitt til niðurstöðu þar sem talið sé að 3 km sé nægjanleg fjarlægð ef staðsetningar sem um ræði séu sitt hvoru megin í firði og liggja alfarið í sitt hvoru straumkerfinu. Á hinn bóginn gildi 5 km fjarlægðarmörk á milli staðsetninga sömu megin í firði. Í öllum tilvikum hafi verið talið að 5 km sé lágmarksfjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva óskyldra rekstraraðila. Í tilkynningu ÍS 47 ehf. sé ekki að sjá að þessari reglu sé fylgt, en þar kemur fram að fjarlægð svæða á milli eldisstöðva óskyldra rekstraraðila sé minni en 5 km og reyndar minni en 3 km.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Fiskistofu kemur fram að varðandi athugasemd við 5 km fjarlægðarmörk að þá komi fram í 3 gr. reglugerðar nr. 401/2012 að Fiskistofa geti að höfðu samráði við Matvælastofnun og Hafrannsóknastofnun að fenginni umsögn sveitarstjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva. ÍS 47 muni óska eftir undanþágu frá Fiskistofu vegna 5 km reglunnar með tilheyrandi rökstuðningi.

Fiskistofa bendir á í umsögn sinni að þrátt fyrir að í tilkynningunni sé nokkuð ítarlega gert ráð fyrir þáttum sem skipti miklu máli, svo sem umhverfisaðstæðum og þáttum sem geta valdið umhverfisáhrifum þá sé hins vegar ekki að finna neitt mat á því hvort umrædd svæði henti til fiskeldis, m.a. hafi ekki átt sér stað straummælingar á fyrirhuguðum eldissvæðum. Fiskistofa meti það sem svo að slíkar upplýsingar verði að liggja fyrir og að fyrir liggji rökstutt mat, byggt á mælingum, á lágmarks fjarlægðum milli staðsetninga og milli óskyldra sjókvíaeldisstöðva.

Í svörum ÍS 47 kemur fram að í tilkynningu sé gert grein fyrir straummælingum á núverandi eldissvæði sem sé innar í firðinum en hin eldissvæðin. Meðal samanlagður straumur á núverandi eldissvæði hafi verið mjög góður enda yfir 6 cm/sek. Í ljósi þess að ölduhæð sé hærrí eftir því sem utar dragi í firðinum megi álykta að straumur sé síst verri á fyrirhuguðu eldissvæðum. Þrátt fyrir að straummælingar í fyrirhuguðum eldissvæðum væri eitthvað lakari en í núverandi eldissvæði þá ætti það ekki að koma að sök þar sem fyrirhugað eldi sé mjög hóflegt, mest 1.200 tonn í tveimur eldisstaðsetningum.

Framkvæmdaraðili segir það rétt hjá Fiskistofu að ekki liggja fyrir neitt formlegt mat hvort Önundarfjörður sé heppilegur til fiskeldis. Mælingar á hitastigi og straumum gefi þó vísbendingar um að aðstæður til fiskeldis séu góðar í firðinum. Hins vegar sé Önundarfjörður afskaplega grunnur fjörður og því meiri hætta á óæskilegri uppsöfnun á úrgangi á sjávarbotni en í dýpri fjörðum. Í tilkynningu sé gerð ýtarleg grein fyrir hvernig ÍS 47 hyggist koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegri uppsöfnun fóðurleifa og úrgangs á sjávarbotni.

Skipulagsstofnun sendi svör ÍS 47 til Fiskistofu og óskaði eftir álitu stofunnar á svörum og þá einkum þeim hluta svaranna sem snéru að fjarlægðarmörkum á milli eldissvæða.

Skipulagsstofnun benti á að í svörum sínum vísi framkvæmdaraðili m.a. til veitingar rekstrarleyfa Arctic Odda og Dýrfisks árið 2012, en þar hafi verið veitt undanþága frá fjarlægðarviðmiðum. Skipulagsstofnun óskaði eftir upplýsingum frá Fiskistofu um viðmið sem Fiskistofa hafi, um hvaða gögn skuli liggja fyrir til að hægt sé að veita undanþágu frá fjarlægðarmörkunum.

Í frekari umsögn Fiskistofu kemur fram að þegar um sé að ræða umsóknir um rekstrarleyfi þar sem hámarksframleiðsla sé minni en 200 tonn hafi Fiskistofa veitt undanþágu frá þessari reglu enda séu allir hagsmunaaðilar í firðinum samþykki því. Í tilfelli útgáfu rekstrarleyfa í Önundarfirði hafi það verið gert enda ljóst að heildarlífmassi myndi sjaldan eða aldrei fara yfir 500 tonn hjá öllum aðilum samanlagt. Einnig geti komið upp sértæk tilvik þar sem hægt væri að gefa undanþágu frá 5 km reglunni að fengnum umsögnum frá lögbundnum umsagnaraðilum og sérstakar ástæður séu tilgreindar. Dæmi: Stór eldisaðili á laxfiskum er með 3 staðsetningar í firði. Lítil eldisaðili með 200 tonna eða minna, leyfi í sama firði á áframeldi á þorski sem er afar óskyld tegund og lítil eða engin smithætta á milli þessara tegunda. Fram kemur að í þessu tilfelli gæti komið til álita að gefa undanþágu frá 5 km reglunni. Ef sótt sé um rekstrarleyfi eða stækkun á leyfi yfir 200 tonna ársframleiðslu þá valdi það augljóslega meira álagi á umhverfið og til að gæta jafnræðis gagnvart öðrum umsækjendum þá leggi Fiskistofa áherslu á að gefa ekki undanþágu frá 5 km reglunni þegar um er að ræða óskylda rekstraraðila og þegar gert sé ráð fyrir fiskeldi yfir 200 tonnum. Það sé hins vegar mögulegt að gefa undanþágu frá 5 km reglunni þegar um sé að ræða sama rekstraraðila með tvær mismunandi kynslóðir á sitt hvoru eldissvæðinu og að sýnt sé fram á með mælingum að svæðin séu ekki í sama straumkerfi. T.d. sé algengt að það sé ekki sama straumkerfi sunnan megin og norðan megin í vestfirskum fjörðum og í slíkum tilvikum hafi verið samþykkt allt niður í 3 km fjarlægð á milli eldissvæða sama rekstraraðila. Ekki sé vitað til þess að fram hafi farið burðarþolsmat í Önundarfirði en það þurfi að fara fram áður en rekstrarleyfi sé veitt fyrir eldi af umræddri stærðargráðuen fyrst þurfi að leysa hvernig kvíum verði komið fyrir með tilliti til fjarlægðarmarkna.

Í kjölfar frekari umsagnar Fiskistofu sendi framkvæmdaraðili Skipulagsstofnun tillögu að breyttri staðsetningu eldissvæða til að bregðast við athugasemdum Fiskistofu um fjarlægðarmörk og sendi stofnunin Fiskistofu þessa tillögu. Varðandi þessar tillögur um breyttar staðsetningar eldissvæða benti Fiskistofa á að í Önundarfirði væru fjórir rekstrarleyfishafar; ÍS-47 ehf. Arctic Oddi ehf., Dýrfiskur ehf.

og Sjávargæði ehf. Ef umsókn um stækkun rekstrarleyfis ÍS-47 berist Fiskistofu muni verða óskað eftir nánnum upplýsingum um annars vegar, vegalengdir frá eldissvæðum ÍS-47 að staðsetningum hinna fyrirtækjanna og hins vegar vegalengdir á milli eigin eldissvæða ÍS 47 ásamt rökstuðningi sem byggir á straum- og burðarþolsmælingum. Í gr. 3 í reglugerð nr. 401/2012 um fiskeldi, þar sem fjallað er umfjarlægðarmörk komi eftirfarandi fram: *"Lágmarksfjarlægð á milli sjókvía eldisstöðva samkvæmt meginviðmiði skal vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað. Fiskistofa getur að höfðu samráði við Matvælastofnun og Hafrannsóknastofnun að fenginni umsögn sveitastjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva."* Fiskistofu hafi ekki borist fullnægjandi upplýsingar um ofangreint efni til þess að geta tekið afstöðu til fyrirhugaðra framkvæmda með hliðsjón af ákvæðum 3 gr. reglugerðarinnar.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunarinnar kemur fram að tvö ný eldissvæði fyrirtækisins ÍS 47 séu fyrirhuguð utar við núverandi eldissvæði í firðinum. Vegna þess hve fjörðurinn sé grunnur megi búast við að töluverð uppsöfnun verði á lífrænum leifum undir kvíum sem geti haft staðbundin áhrif á botndýralíf. En með reglubundinni hvíld á einu eldissvæði í einu sé líklegt að lífræna setið nái að brotna niður að einhverju eða mestu leyti á hvíldartímanum. Því telur Hafrannsóknarstofnunin litlar líkar á að fyrirhugað framleiðslumagn valdi þeirri súrefnislækkun í botnsjó sem nytjastofnum fjarðarins, einkum þorski og ýsu, stafi hætta af.

Ennfremur kemur fram í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að engin hætta sé talin stafa af slysasleppingum þorsks, þar sem um villtan þorsk sé að ræða. Einungis hrygnuseiði regnbogasilungs séu höfð í eldi og sé talið þau muni ekki geta tímgastr í íslenskum ám og því sé lítil hætta fyrir hendi þó slysasleppingar yrðu á eldistíma silungs.

Þá segir í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að þrjú önnur fyrirtæki séu með rekstraleyfi fyrir allt að 200 tonna fiskframleiðslu á ári í Önundarfirði, ýmist fyrir áframeldisþorsk, regnbogasilung eða lax, alls samtals 597 tonn. Þessi leyfi hafi aðeins verið nýtt í takmörkuðum mæli enn sem komið er. Allar þessar eldisstaðsetningar séu í innan við 5 km fjarlægð frá núverandi eldissvæði ÍS 47 ehf. Ef til þess komi að hin fyrirtækin láti verða af eldisáformum sínum gæti það skapað einhver vandamál varðandi sýkingar á milli fyrirtækja þar sem stutt verði á milli þeirra. Hafrannsóknastofnunin telur ekki þörf á að umrædd framkvæmd fari í umhverfismat.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að hingað til hafi stofnunin fyrst og fremst varað við leyfisveitingu til of umfangsmikils fiskeldis á sama svæði, allar aðstæður geti orðið illviðráðanlegar ef alvarlegir smitsjúkdómar komi upp við slíkar kringumstæður. Áform ÍS 47 ehf., þar sem ráðgert sé ráð fyrir að auka umfang eldisins úr nokkrum tugum tonna af sláturfiski upp í rúm 1.000 tonn á ári fram til ársins 2017, verði að teljast varfærnisleg. Auk þess sé engin önnur fiskeldisstarfsemi stunduð í Önundarfirði. Þremur öðrum óskyldum aðilum hafi verið úthlutað litlum rekstrarleyfum (<200 tonn) í firðinum en eldi skv. þeim hafi ekki farið fram hingað til og séu þau áform í raun það smá í sniðum að samlegðaráhrif myndu verða óveruleg jafnvel þó öll leyfin yrðu fullnýtt. Niðurstaða Matvælastofnunar sé því sú að ekki sé talin þörf á að fyrirhugað sjókvíaeldi á regnbogasilungi og þorski í Önundarfirði fari í sérskylt umhverfismat, þ.e.a.s. um þá þætti sem snúa að sjúkdómum. Hér vegi þyngst þau rök að eldi af ofangreindri stærðargráðu sé ekki talið hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir séu í vistkerfi Önundarfjarðar og nágrennis.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða aukið sjókvíaeldi í Önundarfirði á vegum fyrirtækisins ÍS 47 á allt að 900 tonnum af regnbogasilungi og áframeldi á allt að 300 tonnum af þorski á ári í Önundarfirði. Fyrirtækið hefur rekstraleyfi fyrir eldi á allt að 200 tonnum á ári, 150 tonnum af þorski og 50 tonnum af regnbogasilungi á einu eldissvæði (A) við suðurströnd fjarðarins. Fyrirhuguð eru tvö ný svæði fyrir eldið (svæði B og C) utar með suðurströnd Önundarfjarðar og verður fjarlægð á milli nýju svæðanna yfir 2 km. Öll svæðin verða vel utan við 200 metra frá stórstraumsfjöru.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í Öndarfirði eru þrjú önnur fyrirtæki sem hafa einnig rekstrarleyfi til sjókvíaeldis við norðurströnd fjarðarins og eru tvö þeirra með eldissvæði sem eru innan 5 km fjarlægðarmarka miðað við núverandi og fyrirhugaðar staðsetningar á eldissvæðum ÍS 47. Fjarlægð á milli núverandi eldissvæðis ÍS 47 og svæðis þar sem Arctic Oddi hefur rekstrarleyfi fyrir 200 tonna fiskeldi er rúmlega 1 km og um 1,5 km er á milli núverandi eldissvæðis ÍS 47 og svæðis sem Dýrfiskur hefur rekstrarleyfi fyrir 200 tonna fiskeldi á.

Í umsögnum Fiskistofu kemur fram að fjarlægðir milli eldissvæða í Öndarfirði eru ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar um fiskeldi nr. 401/2012, en þar er gert ráð fyrir að mörk séu samkvæmt meginviðmiði 5 km. Dæmi séu um að veitt hafi verið leyfi fyrir að staðsetja eldissvæði í meiri nálægð, ef þau liggja í sitt hvoru strau makerfi eða séu sitt hvoru megin í firði. Á hinn bóginn gilda 5 km fjarlægðarmörk á milli staðsetninga sömu megin í firði og í öllum tilvikum hefur verið talið að 5 km sé lágmarksfjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva óskyldra rekstraraðila. Ástæða þess að veitt hafi verið undanþága frá fjarlægðarmörkum við útgáfu rekstrarleyfa fyrir núverandi eldissvæðum í Öndarfirði hefst af því að hámarksframleiðsla sé minni en 200 tonn og allir hagsmunaaðilar samþykkir staðsetningum eldissvæðanna. Fiskistofa tekur ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif en bendir á að ekki liggja fyrir mat á því hvort umrædd svæði henti til fiskeldis þar sem ekki hafi átt sér stað straummælingar á fyrirhuguðum eldissvæðum.

Í svörum framkvæmdaraðila hefur komið fram að hann hyggist óska eftir undanþágu frá fjarlægðarmörkum eins og heimilt er skv. ákvæðum reglugerðar um fiskeldi. Þá barst Skipulagsstofnun einnig, í kjölfar frekari umsagnar Fiskistofu, tillaga framkvæmdaraðila að breyttri staðsetningu, til að bregðast við athugasemdum Fiskistofu um fjarlægðarmörk. Skipulagsstofnun hefur fengið staðfestingu Fiskistofu á því að stofnuninni hafi ekki borist fullnægjandi upplýsingar til þess að geta tekið afstöðu til þess hvort heimiluð verði styttri lágmarksfjarlægð á milli eldissvæða á grundvelli undanþáguheimildar reglugerðar um fiskeldi.

Skipulagsstofnun lítur því svo á að sú ákvörðun sem tekin er í þessu máli snúi að þeim staðsetningum eldissvæða sem stofnunni bárust í tilkynningu ÍS 47 þann 1. nóvember 2013, en hinsvegar er óvíst er hvort veitt verður undanþága frá fjarlægðarmörkum milli svæðanna þegar kemur að umsókn um útgáfu rekstrarleyfis. Skipulagsstofnun telur að ef það er álit Fiskistofu að fjarlægðir milli eldissvæða í Öndarfirði séu ekki ásættanlegar hvorki á milli skyldra né óskyldra rekstraraðila þá verði tekið á því við rekstrarleyfisumsókn.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar í þessari ákvörðun tekur því mið af staðsetningum sjókvía sem greint er frá í tilkynningu framkvæmdaraðila. Komi til þess að breytingar verði gerðar á staðsetningum eldiskvía, magni eða eldistegund þarf að tilkynna þær breytingar til Skipulagsstofnunar á grundvelli tölul. 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þarf ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu þeirra breytinga að liggja fyrir áður leyfi eru veitt.

Skipulagsstofnun telur að fjarlægðir milli eldisleyfa í Öndarfirði séu ekki eins miklar og ákjósanlegt væri með tilliti til smitsjúkdóma. Hins vegar er um að ræða hóflegt eldi á regnbogasilungi og áframeldi á villtum þorski og líkur á útbreiðslu smitsjúkdóma þar af leiðandi ekki miklar sem er í samræmi við álit í umsögn yfirdýralæknis fiskisjúkdóma. Þess fyrir utan eru engar veiðiár í næsta nágrenni við fyrirhuguð eldissvæði og því ekki ástæða til að óttast, ef upp kæmu sjúkdómstíffelli, að sjúkdómar berist frá eldisfiskinum í villta stofna laxfiska.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt LENKA viðtakamatinu

megi meta burðarþol Öfundarfjarðar á milli 2000– 4500 tonn miðað við stærð fjarðarins. Þrátt fyrir aukið eldi ÍS 47 í Öfundarfirði verði heildarmagn núverandi og fyrirhugaðs eldis undir áætluðu burðarþoli. Skipulagsstofnun er kunnugt um að til eru reiknilíkon sem spá betur fyrir um burðargetu eldissvæða í sjó en LENKA viðtakamat. Einnig hefur verið bent á að burðargeta hafsvæða sé mun meiri en LENKA gefi til kynna því tuttugu ár eru síðan viðtakamatið var sett fram og frá þeim tíma hafi endurbættar eldisaðferðir leitt til betri fóðurnýtingar og þar af leiðir minni losunar úrgangsefna frá fiskeldi. Skipulagsstofnun telur einmitt þess vegna að LENKA gefi varfærið mat á burðargetu fjarða og þar af leiðandi séu minni líkur til þess að burðarþol eldissvæða sé ofmetið. Það sé hentugt viðmið þegar meta á hvort líkur séu til þess að áformað fiskeldi í sjókvíum muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér eða ekki og ákvarða þarf um matsskyldu slíkrar framkvæmdar.

Skipulagsstofnun tekur undir með Hafrannsóknastofnuninni að þar sem Öfundarfjörður er tiltölulega grunnur megi búast með uppsöfnun lífrænna leifa og þar með staðbundnum neikvæðum áhrifum á botndýralíf. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að straummælingar við núverandi eldissvæði gefi til kynna að meðalstraumur yfir mánaðartímabil að sumri til hafi verið 6,1 cm/sek og allar líkur bendi til þess að straumar á fyrirhuguðum eldissvæðum séu ekki lakari. Skipulagsstofnun getur fallist á að fyrirhuguð eldissvæði sem eru staðsett utar í firðinum búi við enn sterkari strauma en það sem innar er og hafa ber í huga að Öfundarfjörður er opinn og án þröskulda. Því ætti að geta átt sér stað góð blöndun sjávar sem dregur úr líkum á súrefnislækkun og stuðlar að hraðara niðurbroti lífrænna leifa undir kvíum þegar þau eru í hvíld.

Hafrannsóknarstofnunin telur að litlar líkar séu á að fyrirhugað framleiðslumagn valdi þeirri súrefnislækkun í botnsjó sem nytjastofnum fjarðarins, einkum þorski og ýsu, stafi hætta af. Skipulagsstofnun tekur undir þetta mat Hafrannsóknarstofnunarinnar að teknu tilliti til þeirra áforma sem koma fram í tilkynningu ÍS 47 um hvíld eldissvæða. Skipulagsstofnun tekur einnig undir það mat Hafrannsóknarstofnunarinnar að lítil hætta stafi af slysasleppingum þar sem annars vegar er um villtan þorsk er að ræða og hins vegar hrygnuseiði regnbogasilungs sem talið er að geti ekki tímgast í íslenskum ám.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu ÍS 47 ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð ÍS 47 ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð 1.200 tonna framleiðsla á regnbogasilungi og þorski á ári, í sjókvíum ÍS 47 ehf. í Öfundarfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar rekstrarleyfi Fiskistofu, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Einnig eru þær háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Fyrirhuguð eldissvæði verða utan netlaga og falla því ekki undir skipulagslög nr. 123/2010. Skipulagsstofnun bendir á að sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi innan netlaga, þ.e. allt að 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru og mannvirki sem hugsanlega verða reist síðar innan þeirra, í tengslum við starfsemina, eru bundin ákvæðum skipulagslaga.

Skipulagsstofnun vekur einnig athygli á því að komi til breytinga á þeirri starfsemi sem kynnt hefur verið í gögnum ÍS 47 ehf., til dæmis staðsetningu eldissvæðis, þarf að tilkynna þær breytingar til Skipulagsstofnunar á grundvelli töluliðar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og hljóta þær málsmeðferð skv. 6. gr. laganna.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að ÍS 47 ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á

aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. mars 2014.

Rut Kristinsdóttir



Valur Klemensson

Skipulagsstofnun